

## **Viðmið um góða starfshætti fyrir starfsmenn sem annast opinber innkaup**

### **I. Markmið**

Markmið þessara viðmiða fyrir innkaupastarfsmenn ríkisins og ábyrgðarmenn innkaupa (hér eftir nefndir innkaupastarfsmenn) er að setja fram leiðbeiningar um hvernig beri að umgangast viðskiptavini, þ.e. fyrirtæki og bjóðendur, og komast hjá hagsmunárekstrum.

Innkaupastarfsmenn skulu kynna sér viðmiðin við upphaf starfs og fylgja þeim í starfi. Markmið er að viðhalda trausti almennings til opinberra innkaupa, þ.e. að almenningur geti treyst því að hagsmunir skattgreiðenda séu hafðir í fyrirrúmi og að almannafé sé notað með skynsamlegum hætti. Markmiðið er einnig að viðhalda trausti fyrirtækja, tryggja jafnræði þeirra og samkeppni á markaði.

Viðmið þessi eru nánari útfærsla á almennum siðareglum starfsmanna ríkisins en innkaupastarfsmenn skulu jafnframt, eftir því sem við á, fara eftir siðareglum sem gilda á þeirra eigin stofnunum.

Viðmiðum þessum er ætlað að vera leiðbeinandi og hvetja til umhugsunar um hvað teljist góðir starfshættir. Telji einstaka stofnanir þörf á ítarlegri reglum eru þær eindregið hvattar til að setja sér slikar reglur í samráði við starfsmenn.

### **II. Sérstakar reglur fyrir innkaupastarfsmenn**

#### **1. Almennar reglur**

Við innkaup fyrir ríkið skal stuðlað að jafnræði fyrirtækja, hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og eflingu nýsköpunar og þróunar við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Jafnframt skulu innkaup ríkisins stuðla að bættri umgengni við umhverfið þar sem því verður við komið.

Innkaupastarfsmenn skulu sýna ábyrga hegðun allt innkaupaferlið með því að tryggja að ákvarðanir séu gegnsæjar og í samræmi við lög og innkaupastefnu ríkisins.

Innkaupastarfsmenn skulu tryggja að þeir standi ekki í þakkarskuld eða séu að einhverju leyti háðir fyrirtækjum sem hlut eiga að máli, en ella segja sig frá verkefninu.

Sérstaklega skal gjalda varhug við því að samið sé við fyrirtæki sem tengjast starfsmönnum stofnunar.

Þess skal gætt að dreifa ekki trúnaðarupplýsingum varðandi innkaupaferlið og tilboð bjóðenda umfram það sem heimilt er (sjá 17. gr. laga um opinber innkaup).

#### **2. Upplýsingar og framkvæmd áður en innkaup fara fram**

Innkaupastarfsmenn, þ.m.t. kaupendur, geta haft hag af því að koma á sambandi við fyrirtæki á almennum markaði í þeim tilgangi að öðlast tæknilega þekkingu á vörum, þjónustu og framkvæmd sem bjóða á út og til að geta með markvissari hætti samið útboðsskilmála og metið þau tilboð sem berast.

Til að öðlast þekkingu á tilteknun markaðsvörum mega kaupendur samþykkja fundarboð fyrirtækja og mæta á sölusýningar og ráðstefnur. Þeir mega einnig óska eftir fundum að því tilskildu að það auki almenna þekkingu á markaðnum.

Fyrirtæki geta haft áhuga á að kynnast starfsemi kaupenda. Slík kynning þarf að vera með formlegum hætti, t.d. með sameiginlegum fundum og ráðstefnum fyrirtækja, kaupenda eða annarra hagsmunaaðila.

Til að tryggja jafnræði bjóðenda skal ekki upplýsa um verðgildi eða dagsetningu fyrirhugaðra verkefna á sameiginlegum ráðstefnum og sýningum. Upplýsingar um fyrirhuguð verkefni/samninga má aðeins veita með almennri auglýsingu skv. innkaupalögum.

Stofnun sem heldur utan um innkaupaferli ber ábyrgð á þarfa/tæknilýsingu þannig að ekki sé hætta á að skilmálar útboðsgagna taki mið af tilboðum tiltekinna fyrirtækja.

### **3. Upplýsingar og framkvæmd á tilboðstíma**

Tryggja skal að öll fyrirtæki fái sömu upplýsingar og afgreiðslu.

Til að koma í veg fyrir að fyrirtækjum sé mismunað, eða grunur vakni um slíkt, skal tryggja að starfsmaður innkaupastofnunar sem afgreiðir útboðsgögn til fyrirtækja hafi hvorki viðbótarupplýsingar um útboðið né frekari aðkomu að útboðsferlinu.

### **4. Upplýsingar og framkvæmd eftir töku tilboðs**

Innkaupastarsmaður skal eingöngu taka ákvarðanir í samræmi við samninginn sem gerður hefur verið, sérstaklega varðandi vanefndaúrræði. Hér má t.d. nefna uppsögn samnings.

Við samningsstjórnun skal gæta þess að allir hlutaðeigandi aðilar komi að ákvörðun, ákvarðanir séu skráðar, sérstaklega varðandi vanefndaúrræði, vottun á frammistöðu og mögulegar breytingar á samningi.

### **5. Gjafir**

Innkaupastarfsmenn mega hvorti semja um né taka á móti gjöf, greiða eða annarri fyrirgreiðslu fyrir sjálfa sig, fjölskyldu, vini eða aðra sem þeim tengjast.

Allir innkaupastarfsmenn, sama hvaða stöðu þeir gegna, skulu þegar tilefni er til, láta viðsemjendur og viðskiptavini vita að þeim beri að fara eftir þessum viðmiðum.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. janúar 2013*

